

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 424/1992.

**Gunnar Kristófersson og
Anna Helgadóttir**

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

**Danilo Markovic og
Emilija Markovic**

(Valgeir Kristinsson hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1992. Þau krefjast þess, að gagnáfrýjendur verði dæmd til að greiða sér 362.260 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. maí 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1993 og krefjast þess, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Af hálfu þeirra hefur ekki borist greinargerð í málinu.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 9. september 1992. Í þinghaldi 12. október 1992 var eftirfarandi bókað: „Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 9. september sl. Ekki er talin þörf á endurflutningi þess, sbr. 1. tl. 115. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefndu sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur: . . .“

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er fjórar vikur og fimm dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmaður aðaláfrýjenda var þá ekki viðstaddur. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa

málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
